



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2134
komudagur 10.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2008

Efni: Tillaga til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál og tillaga til þingsályktunar um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson, 221. mál.

Háskóla Íslands hafa borist framangreindar þingsályktanir til umsagnar.

Tekið er eindregið undir mikilvægi þeirra málefna sem tillögurnar taka til og að Háskólanum verði gert kleift að efna til þessara starfa prófessora til að stuðla að enn frekara fræðastarfi á þessum sviðum menntunar, menningar og sögu þjóðarinnar.

Leitað var sjónarmiða sagnfræði- og fornleifafræðiskorar hugvísindadeildar um tillöguna um prófessorsstarfið á sviði byggðasafna og byggðafræða. Skorin telur fulla ástæðu til að efla kennslu og rannsóknir á sviði byggðafræða og byggðasafna við Háskóla Íslands og telur vel til fundið að sérstakt prófessorsstarf verði stofnað vegna þessa. Skorin telur sjálfsagt að taka við slíku starfi en leggur áherslu á að því yrði að fylgja sérstök fjárveiting frá Alþingi.

Um prófessorsstarf kennt við Jónas Hallgrímsson var leitað sjónarmiða íslenskuskorar hugvísindadeildar sem tekur undir það að full ástæða er til að Háskóli Íslands heiðri minningu Jónasar Hallgrímssonar og haldi henni á lofti. Skorin telur vel til fundið að sérstakt prófessorsstarf verði kennt við Jónas, enda stuðla öflugar rannsóknir á íslenskri tungu og ljóðlist öðru fremur að því að markmiðum tillögunnar verði náð. Skorin lýsir sig fúsa til að taka við slíku starfi en leggur áherslu á að því yrði að fylgja sérstök fjárveiting frá Alþingi.

Virðingarfyllst,

f.h. háskólarektors

Þórunn Kristinsson
Sviðsstjóri kennslusviðs